

**Nd.**

**17. Frumvarp til laga**

**[17. mál]**

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

**1. gr.**

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

**1. Á eftir 2. málsg. komi ný málsgrein, þannig:**

Tryggingarfélagi er ekki heimilt að borga skaðabótakröfu samkv. 1. eða 2. málsg., nema lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af.

**2. Næstsíðasta málsg. orðist svo:**

Tryggingarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og er þá skylt að krefja hann um eigi minna en 30% af tjóninu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr., síðustu málsgrein, þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

**2. gr.**

**1. málsg. 39. gr. laganna orðist svo:**

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu að fullu. Einnig skal svipta þann ökuleyfi um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 1 ár, eða fyrir fullt og allt, sem hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins og öðru framferði kærða sem bifreiðarstjóra varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfis sviptingur koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Flm. þessa frv. bar fram frv. um sama efni á síðasta þingi. Það var afgreitt með nokkrum breytingum frá neðri deild á síðustu dögum þingsins, en tími gafst ekki til athugunar á málinu í efri deild. Hlaut það því ekki fullnaðarafgreiðslu.

Bifreiðaslys eru mjög tíð hér á landi, og fer þeim fjölgandi. Á hverju ári láta menn lífið, fleiri eða færri, en aðrir verða örkumlamenn, af völdum þeirra slysa. Fjármunatjónið af bifreiðaárekstrum er einnig gífurlegt og fer sívaxandi, en að því leyti sem tryggingarfélögin bæta slík tjón, leggjast þau á alla bifreiðaeigendur í hækkandi tryggingargjöldum.

Umferðarslysin stafa oft af vítaverðri óvarkární og skeytingarleysi ökumanna og annarra, sem um veginn fara. Og mörg slysin hljóta af því, að bifreiðarstjórar eru ölvadir við akstur. Slík afbrot eru mjög tíð, og bendir það til þess, að of vægt sé á þeim tekið. Virðist því þörf að setja ný og strangari lagafyrirmæli um refsingar fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarreglum, og í því skyni er frv. þetta flutt.

Þegar bifreiðaárekstrar verða, mun það vera algengt, að löggæzlumenn eru ekki til kvaddir að athuga málavexti, en sá, er tjóninu veldur, sendir tilkynningu um það til tryggingarfélagsins, sem hefur tekið bifreið hans í tryggingu, og bætir þá tryggingarfélagið skaðann, án þess að lögreglurannsókn á slysinu eða tjóninu hafi farið fram. Í 1. tölul. 1. gr. þessa frv. er lagt til, að tryggingarfélagi verði því aðeins heimilt að borga skaðabótakröfu, að lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af. Má telja líklegt, að ýmsir ökumenn mundu gæta sín betur, ef svo væri fyrir mælt, að í hvert sinn sem þeir valda árekstrum og tjóni, skyldi mál þeirra rannsakað af lögreglunni og skýrsla um það skráð í annála hennar.

Samkvæmt ákvæði í 36. gr. bifreiðalaganna hefur tryggingarfélag endurkröfurett á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. En tryggingarfélögin munu ekki hafa notað þessa lagaheimild. Hér er lagt til í 2. tölul. 1. gr. frv., að félögunum sé skylt að krefja tryggingartaka um eigi minna en 30% af upphæð skaðabóta, sem þau hafa orðið að greiða fyrir slík tjón, en eftir sem áður hafa þau heimild til að krefja um endurgreiðslu á allri upphæðinni. Er ástæða til að ætla, að bifreiðarstjórar muni síður valda tjóni af „stórkostlegu gáleysi“, ef það kostar þá sjálfa fjárútlát, heldur en ef tryggingarfélögin bera allan skaðann.

Ölvun við bifreiðarakstur hefur valdið mörgum slysum og er mjög alvarlegt afbrot. Áhrifamesta aðferðin til þess að fækka þeim brotum er sennilega sú að svipta þá menn, sem gerast sekir um slíkt, ökumannsréttindum ævilangt. Er því lagt til í 2. gr. frv., að svo verði gert. Þar er enn fremur lagt til, að hert sé á ákvæðum laganna um ökuleyfissviptingu, þegar um mjög vítaverðan akstur er að ræða, þó að ölvunbifreiðarstjórans sé ekki um að kenna. Í þessu sambandi skal vakin athygli á því, að í 2. málgr. 39. gr. bifreiðalaganna segir svo:

„Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis, frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.“

Ekki er lagt til í frv. þessu, að breyting verði gerð á því lagaákvæði, sem hér hefur verið vitnað til.